

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði aukarjettardómur á að vera óraskaður. Í málskostnað fyrir yfirdómi greiði áfrýjandinn, Eyjólfur Símonarson, hinum stefndu 20 kr. Orðið »heimskuslettur« í varnarskjali hinna stefndu skal vera dautt og ómerkt. Ídæmdan málskostnað ber að greiða innan 8 vikna frá lögbirting dóms þessa undir aðför að lögum.

Mánudaginn 1. maímánaðar.

Nr. 2/1893:

E. Egilsson

gegn

W. Ó. Breiðfjörð og

Árna Eypórssyni.

D ó m u r:

Með dómi bæjarþings Reykjavíkurkaupstaðar, uppkveðnum 17. nóv. f. á., voru hinir stefndu, kaupmaður W. Ó. Breiðfjörð og Árni Eypórsson fyrir hönd fjelagsins »Reykvíkingur« dæmdir til þess, að greiða áfrýjandanum E. Egilsson 100 kr. með 5% vöxtum frá sátta-kærudegi til borgunardags, sem kaup fyrir útgáfu blaðsins »Reykvíkingur« í 5 mánuði frá sept. 1891 til jan. 1892 incl. Auk þess skyldu þeir greiða stefndanda í málskostnað 12 kr. Dómur þessi var birtur fyrir hinum stefndu 22. nóv. 1892. Síðan krafðist dómhafi þess, að nefndum dómi væri fullnægt með fjárnámsgjörð hjá kaupmanni W. Ó Breiðfjörð, en með fógetarjettarúrskurði Reykjavíkur, uppkveðnum 3. jan. þ. á., var

synjað um fullnægingu á fjárnámskröfunni. Sama dag var dómhafa með úrskurði fógetarjettarins einnig neitað um það, að fjárnám væri gjört hjá Árna Eypórsyni fyrir dómskuldinni, sem hann pá og hafði gjört kröfu um. Þessum fógetarjettarúrskurðum hefur E. Egilsson skotið til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 13. jan. p. á., og krafizt þess, að þeir verði úr gildi felldir, að honum verði tildæmdur rjettur til að fá umræddu fjárnámi framgengt, og hinir stefndu verði dæmdir til að greiða honum allan kostnað, sem leitt hefur af málinu fyrir fógetarjettinum og fyrir yfirdómi, svo og af nýrri fjárnámsgjörð. Á hinn bóginn hafa hinir stefndu krafizt þess, að hinir áfrýjuðu úrskurðir verði staðfestir, og að áfrýjandinu verði dæmdur til að greiða 25 kr. upp í málskostnað fyrir yfirdómi eða eitthvað nægilegt eptir mati rjettarins.

Hinn 24. maímán. 1891 var stofnað 7-manna-fjelag í Reykjavík, er nefndist »Reykvíkingur«, með því hlutverki meðal annars, að halda úti blaði með sama nafni. Í stjórnina voru á stofnunarfundi fjelagsins kosnir hinir stefndu W. Ó. Breiðfjörð og Árni Eypórssson sem formaður og gjaldkeri, og áfrýjandinn Egilsson sem skrifari; jafnframt var hann kosinn til þess starfa, að vera ritstjóri, útgefandi og ábyrgðarmaður bladsins »Reykvíkingur«. Það var ákveðið, að Egilsson skyldi að öllu leyti kosta útgáfu bladsins og útsendingu þess, en skyldi á hinn bóginn eignast allar tekjur þess, og auk þess fá 20 kr. styrk mánaðarlega, »sem fjelagið ábyrgist honum borgað« og »gjaldkeri greiðir honum eptir ávísun formanns«, og skyldi samningur þessi gilda frá 1. maí 1891 til 1. febr. 1892. Áfrýjandi virðist og hafa haldið blaðinu Reykvíkingi út i

Þennan tíma, eða 9 mánuði, en fjekk eigi greitt hið umsamda kaup nema fyrir 4 mánuði. Út af eptirstöðvunum, 5 mánaða kaup, eða 100 kr., höfðaði hann síðan mál gegn hinum stefndu »fyrir hönd fjelagsins Reykvíkingur« og fjekk dóm yfir þeim, eins og að framman er sagt, en með hinum áfrýjuðu úrskurdum fógetans var honum neitað um, að fjárnám væri gjört í eignum hinna stefndu eptir nefndum dómi, þar sem aðskuldin hvíldi á fjelaginu »Reykvíkingur« og hinir stefndu væru lögsóttir og dæmdir fyrir fjelagsins hönd.

Þar sem að dómur bæjarþingsrjettarins 17. nóv. f. á. hljóðar á þá leið, að hinir stefndu W. Ó. Breiðfjörð og Árni Eypórsson skuli fyrir hönd fjelagsins Reykvíkingur greiða áfrýjanda 100 kr. með 5^o vöxtum og 12 kr. í málskostnað, verður að álíta að þeim sjálfum beri að greiða hinar nefndu upphæðir, án tillits til þess, hvort þeir hafa í vörzlum nokkurt fje, fjelaginu tilheyrandi, en að þeir að öðru leyti eigi rjett til endurgjalds úr fjelagssjóði eða hjá fjelaginu. Það er því eigi rjett, að fógetinn hefur neitað, að fullnægja dóminum með fjárnámsgjörð hjá hinum stefndu, og verður þar af leiðandi að fella úr gildi hina áfrýjuðu úrskurði. Eptir atvikum málsins eiga hinir stefndu að greiða áfrýjanda sem málskostnað fyrir yfirdómi 20 kr.

Því dæmist rjett að vera:

Hinir áfrýjuðu fógetarjettarúrskurðir eru úr gildi felldir. Hinir stefndu W. Ó. Breiðfjörð og Árni Eypórsson greiði áfrýjanda sem málskostnað fyrir yfirdómi 20 krónur innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa undir aðför að lögum.